

Efnisyfirlit

1. BEKKUR **3**

ÍSLENSKA	3
LESTUR	3
TALAÐ MÁL OG FRAMSÖGN / HLUSTUN OG ÁHORF	3
RITUN OG MÁLFRÆÐI	4
BÓKMENNTIR	4
STÆRÐFRÆÐI	5
KRISTINFRÆÐI	5
NÁTTÚRUFRAÐI	6
SAMFÉLAGSFRÆÐI	6
TÖLVUNOTKUN	7
LÍFSLEIKNI	7
HEIMILISFRÆÐI	8
MYNDMENNT	8
TÓNMENNT	9
ÍÞRÓTTIR	9
SUND	10

2. BEKKUR **12**

ÍSLENSKA	12
LESTUR	12
TALAÐ MÁL OG FRAMSÖGN / HLUSTUN OG ÁHORF	12
RITUN	13
MÁLFRÆÐI	13
STÆRÐFRÆÐI	14
BEKKJARFUNDIR (LÍFSLEIKNI)	16
KRISTINFRÆÐI	17
UPPLÝSINGATÆKNI	17
SAMFÉLAGSFRÆÐI OG NÁTTÚRUFRAÐI	18
MYNDMENNT	19
HANNYRÐIR	19
TÓNMENNT	20
ÍÞRÓTTIR	20
SUND	21

3. BEKKUR **22**

ÍSLENSKA	22
LESTUR	22
TALAÐ MÁL OG FRAMSÖGN	22
HLUSTUN OG ÁHORF	22
RITUN	22
BÓKMENNTIR	23
MÁLFRÆÐI	23
STÆRÐFRÆÐI	24

ÍÞRÓTTIR	26
SUND	27
KRISTINFRÆÐI	27
NÁTTÚRU- OG SAMFÉLAGSFRÆÐI	28
LÍFSLEIKNI / BEKKJAFUNDIR	29
UPPLÝSINGATÆKNI	30
HEIMILISFRÆÐI	30
SMÍÐAR	30
HANNYRÐIR	31
TÓNMENNT	32
MYNDMENNT	32

4. BEKKUR **33**

ÍSLENSKA	33
LESTUR	33
TALAÐ MÁL – FRAMSÖGN	33
HLUSTUN – ÁHORF	34
RITUN	34
BÓKMENNTIR	34
MÁLFRÆÐI	35
STÆRÐFRÆÐI	36
KRISTINFRÆÐI	38
NÁTTÚRUFRÆÐI	38
SAMFÉLAGSFRÆÐI	39
LÍFSLEIKNI – BEKKJARFUNDIR	40
UPPLÝSINGATÆKNI	41
MYNDMENNT	41
HANNYRÐIR	42
ÍÞRÓTTIR	42
HÖNNUN OG SMÍÐI	43

1.bekkur

Umsjónarkennari: Guðlaug Ragnarsdóttir

Íslenska

Heildarstefnan

Markviss örvun á ýmsum þroskasviðum barnanna í leik og starfi með alls kyns skapandi vinnubrögðum.

Samþætting námsgreina. Heildstæð verkefni unnin svo börnin finni tilgang með náminu og það tengist reynslu þeirra og áhuga.

Lestur

Nemandi á að:

- læra stafi, hljóð þeirra og hljóðtengingu
- vinna fjölbreytt verkefni sem örva þá til lestrar og stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- vinna með eigin frásagnir og sögur
- kynna rími og hrynjandi í ýmsum leikjum sem jafnframt örva málskilning
- fá tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og kennara.

Heimanám:

Lesið upphátt fyrir foreldra minnst fjórum sinnum í viku (16-18 sinnum í mánuði) 1 – 4 bls. og foreldri kvitti eftir hlustun.

Nemendur fá viðurkenningaspjald ef lestrarlágmarki er náð.

Viðmið um árangur í lestri:

1. bekkur

Raddlestur (lesið upphátt) 10 - 60 atkv./mín.

2. bekkur

Raddlestur 50 - 100 atkv. / mín.

3. bekkur

Raddlestur 110 - 170 atkv./mín.

4. bekkur

Raddlestur 180 - 250 atkv. / mín.

Talað mál og framsögn / hlustun og áhorf

Nemandi á að:

- fá tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum með því að:

- segja frá reynslu
- koma með hluti að heiman og segja frá þeim
- flytja eigin sögur og ljóð
- flytja stutta leikþætti eða söngatriði t.d á sal
- tjá tilfinningar sínar t.d. þegar upp koma vandamál
- tala skýrt og áheyrilega
- hlusta á upplestur kennara eða bekkjarfélaga
- fara í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- syngja algenga íslenska barnasöngva
- kynnast þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tala í einu

Ritun og málfræði

Nemandi á að:

- þekkja skriftaráttina og þjálfist í að skrifa litla og stóra stafi með ítalskri skrift og tengikrók
- þjálfast í fínhyreyfingum með fjölbreyttum verkefnum
- semja texta við eigin myndir og annarra og skrifa sjálfur eða með aðstoð
- læra m.a. að þekkja hugtökin; bókstafur, orð, setning, sérhljóð og samhljóð
- fá tækifæri að leika sér með tungumálið t.d. með rími og orðaleikjum
- greina upphaf, miðju og endi í frásögn og geta raðað atburðum í tímaröð

Bókmenntir

Nemandi á að:

- læra nokkrar einfaldar vísur, þulur og ljóð
- kynnist íslenskum þjóðsögum
- fara á skólabókasafn og skoða / lesa þar bækur
- fá tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar
- miðað við lestrargetu og áhuga.

Námsefni:

Markviss málörvun 1

Fimm vinir í leik og lestri. Lestrar- og vinnubók.

Svona geri ég, foræfingablöð.

Stafavísur og skriftarblöð

Ítalíuskript hefti frá Síðuskóla Akureyri

Fjölbreytt safn léttra lestrarbóka

Námsmat:

Allt námsmat fer fram að vori í fyrsta bekk.

Stærðfræði

Kennsla á yngri stigum tekur mið af reynslu og þekkingu barnanna. Mikilvægt er að tengja verkefnið kunnuglegu umhverfi og nota áþreifanlega hluti eða myndræn hjálpartæki. Nemendur geta oft unnið með háar tölur og flókin hugtök ef þeir þekkja vel til þeirra og geta stuðst við hjálpartæki.

Nemandi á að kunna:

- tölurnar 0– 10
- leggja saman og draga frá
- flokkun
- lengd
- mynstur
- samlagning með tölum upp í 20
- frádráttur með tölum upp í 20
- marghyrningar og hringir
- tími

Námsefni:

Sproti 1. Sproti 2a.

Numicon

Námsmat:

Kannanir í Sprotu nemendabók reglulega yfir veturinn.

Próf að vori.

Kristinfræði

Nemandi á að:

- kynnast frásögunum af fæðingu Jesú
- þekkja jólasíði íslensku þjóðkirkjunnar og læra einfalda jólasálma
- þekkja tilefni páska
- þekkja bænir eins og Faðir vor, kvöld- og morgunbænir
- fást við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning

læri um sköpun heimsins

Námsefni og mat:

Sögustund 1 Skálholtsútgáfa.

Ýmsar bækur og rit

verkefni metin jafnt og þétt yfir veturinn

Náttúrufræði

Nemandi á að:

þekkja og nota hugtök tengd veðri s.s. hiti, kuldi og frost

læra helstu hluta trjáa og plantna, gróðurstetja tré og fylgjast með vexti þeirra.

þekkja einkenni hvernar árstíðar og áhrif hennar á náttúruna, umhverfið og heimabyggð

gera sér grein fyrir tímatali, þekkja heiti daganna, mánaðanna og önnur heiti tengd tímatali

þekkja helstu steina og geta flokkað þá eftir stærð, lögun, þyngd og áferð þekki helstu lífverur í nánasta umhverfi sínu og algengusu húsdýr á Íslandi

geri sér grein fyrir helstu heitum í ættfræði, eins og frændi og föðuramma og geti sett upp eigið ættartré

þekkja mun á flóði og fjöru

Námsefni:

Umhverfið

Komdu og skoðaðu umhverfið

Samantekið námsefni frá kennurum

Námsmat:

Metið jafnt og þétt yfir veturinn

Samfélagsfræði

Nemandi á að:

þjálfast í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum

skilja mikilvægi fjölskyldu og fræðast um ólíkar fjölskyldugerðir

skilja mikilvægi vina og skólafélaga

kynnast því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál

skrá athuganir og ýmisskonar þemaefni í sögubók með máli og myndum

fá þjálfun í að flytja mál sitt skýrt og skipulega í heyrenda hljóði og hlusta á aðra

túlka atburði í leik myndsköpun, tali, texta, söng og leikrænni tjáningu fyrir skólafélaga og foreldra
kynnast og vinna með ýmsa efnisþætti eins og umhverfið, hollur matur, gamla byggð, fjöruna, tré og plöntur, skólalóð, form, Ísland, fjöllin og fleira.

Námsefni í samfélags- og náttúrufræði:

Komdu og skoðaðu umhverfið
Skólabókin mín
Fræðibækur- og rit ætlaðar yngra stigi s.s. Bjöllubækurnar (Fuglarnir, Blómin, Húsdýrin og Villtu spendýrin okkar), Svona erum við, Svona er tæknin, Svona er heimurinn og Komdu og skoðaðu umhverfið
Samantekið efni frá kennurum
Söguaðferðin notuð: nemendur búa til skólann og umhverfi hans á stórt blað. Einnig sjálfsmynd

Tölvunotkun

Nemandi á að:

tileinka sér jákvætt viðhorf til tölvu og þjálfast í að umgangast þær öðlast skilning á því hvernig tölvun vinnur þekkja helstu hluta tölvunnar og jaðartæki hennar geta notað tölvu til að skrifa, teikna og prenta út eigin verk geta unnið með kennsluforrit sem hæfa hans aldurshópi geta vistað skjöl og náð í vistuð skjöl þekkja fingrasetningu, einkum heimalykla

Námsefni og mat:

Á músaslóð 1, verkefnabók
Ýmis verkefni og forrit frá kennara
Símat

Lífsleikni

Nemandi á að:

læra að sjá sjálfan sig sem mikilvægan og mikilsmetin einstakling í bekknum og skólanum
læra að vinna með öðrum
læra að taka gagnlegar ákvaðanir og æfa leiðir til að segja NEI við skaðlegurm ákvörðunum
læra um heilbrigða lífshætti
byggja upp sjálftraust, meta og virða aðra einstaklinga

Námsefni og mat:

Að vaxa úr grasi
Ýma tröllastelpan
Verkefni frá kennara
Símat

Heimilisfræði

Kennari: Guðrún Ásgeirsdóttir

Nemandi á að:

kynnast því að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir
kynnast því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar
kynnast einföldum áhöldum.
gera sér grein fyrir að hnífar og önnur eggjárn eru hættuleg
fá verklega þjálfun í samráði við kennara
hjálpa til við frágang
bragða matvæli sem unnið er með
temja sér að þvo sér um hendur áður en byrjað er að vinna í eldhúsinu
geta deilt með öðrum
læri orð og hugtök sem tengjast viðfangsefninu

Námsefni:

Heimilisfræði fyrir byrjendur.

Námsmat :

Vinna nemenda og vinnubók er metin og umsögn gefin að vori

Myndmennt

Kennari: Ólöf Þórunn Hannesdóttir

Nemandi á að:

þekkja frumlitina og geta gert einfaldar litablöndur
þekkja muninn á grunnformum og náttúrulegum formum
þekkja hugtakið myndbygging og vita hvað er nálægð og fjarlægð
kynnast mismunandi áhöldum og aðferðum við myndgerð
þekkja mismunandi gerðir mynda, s.s. teikningu, málverk, þrykk, stytta
o.s.frv.

Þekkja mismunandi hlutverk mynda, s.s. myndir til að varðveita augnablik myndir til að fegra umhverfið, skýringarmyndir, auglýsingar, myndskreytingar o.s.frv.
geta unnið myndrænar frásagnir úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum og nota til þess viðeigandi efni og verkfæri á fjölbreytilegan hátt
geta gengið frá verkefnum, efnunum og áhöldum

Námsefni:

Ýmis verkefni sem kennari tekur saman.

Námsmat :

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.
Metin er virkni nemenda í tímum, færni þeirra, hugmyndaauðgi og frágangur verkefna.

Tónmennt

Kennari: Egill Jónsson

Nemandi á að:

syngja lög, íslensk og erlend
hlusta á tónlist og hljóð
hreyfa sig eftir tónlist
spila á skólahljóðfæri
æfa hryn
kynnast nótum

Í söngnum verður áhersla á þjálfun raddar svo og á skýran texta. Í hlustun er stefnt á að kynnast fleiri en einni tegund af tónlist svo og hljóðheiminum í kringum okkur. Spilun á skólahljóðfæri verður bæði eftir ákveðnum merkjum og eigin sköpun nemenda.

Námsefni :

Forskólinn –Guðfinna Guðlaugsdóttir og Þórunn B. Sigurðardóttir.
Tónmennt 1, hefti, kennslubók ásamt tilheyrandi fylgibókum og hlustunar- verkefnum.

Námsmat:

Verkefni og virkni nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Íþróttir

Kennarar: Ragna Dögg Ólafsdóttir og William Geir Þorsteinsson

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf og gleðjast yfir hverjum leik. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar. Skipa þessir þættir stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Það þarf að leggja ríka áherslu á að þau öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar og að sjálfsmýnd þeirra eflist með þátttöku í leikjum og fjölbreyttri hreyfingu. Nemendur eru með 3 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

Læri og taki virkan þátt í margvíslegum leikjum og æfingum, sem jafnframt styrkja samskipti og samvinnu nemenda

Læri að þekkja heiti helstu líkamshluta og hreyfinga

Tileinki sér þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru í skólaíþróttum

Upplifi skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt

Leysi verkefni af hendi þar sem tekið hefur verið tillit til annarra

Öðlist skilning á neikvæðum samskiptaformum eins og stríðni og einelti

Taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áræði

Viðfangsefni

Einfaldar æfingar og leikir sem ná til samspils skynfæra og útfærslu hreyfinga

Þjálfun í notkun ólíkra áhalda

Fjölbreyttir leikir og æfingar sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og bæta líkamshreysti og þrek

Leikrænar undirbúningsæfingar fyrir einstakar íþróttagreinar

Hreyfinám og íþróttaiðkun utanhúss

Stöðluð próf til að meta líkamshreysti og liðleika

Einföld verkefni sem ná til sköpunar og leikrænnar tjáningar

Námsmat

Mæting, virkni og framkoma gilda 100%

Sund

Kennari: Stefanía Freysteinsdóttir

Kennsla fer fram á vorönn

Markmið:

- Þjálfist í grunnhreyfingum í vatni eins og t.d. að hlaupa, busla og fljóta
- Leysi af hendi einfaldar æfingar og leiki sem þroska skynfærin og taki þátt í leikjum sem reyna á samspil þeirra
- Þjálfist í æfingum og leikjum með ýmis áhöld auk leikja sem þjálfar þol og þrek
- tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gangi eru
- kynnist hreinlæti og umgengnisreglum á sundstað
- öðlist öryggistilfinningu í vatninu

1. sundstig

- a) Staðið í botni grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fæst í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.
- b) Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja
- c) Ganga með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra
- d) Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja

Námsmat

Sundpróf

2. bekkur

Umsjónarkennarar: *Hafrún Ósk Pálsdóttir og Stella Rut Axelsdóttir*

Heildarstefnan

Markviss örvun á ýmsum þroskasviðum barnanna í leik og starfi með alls kyns skapandi vinnubrögðum.

Samþætting námsgreina. Heildstæð verkefni unnin svo börnin finni tilgang með náminu og það tengist reynslu þeirra og áhuga.

Íslenska

Kennarar: *Hafrún Ósk Pálsdóttir og Stella Rut Axelsdóttir*

Lestur

Góður málproski og orðaforði auðveldar lestrarnám - og lesturinn eflir orðaforða og málþroska.

Sterk tengsl eru milli hljóðkerfisvitundar barna og lestrarnáms. Leggja skal áherslu á markvissa málörvun en í henni felast m.a. verkefni með rím, stuðlun og greiningu hljóða í orði.

Nemandi á að:

- þekja alla bókstafi og þjálfast í hljóðgreiningu og hljóðtengingu
- örvast til lestrar með fjölbreyttum verkefnum, auka orðaforða sinn og efla málskilning
- vinna með eigin frásagnir og sögur
- efla skipulega lesskilning sinn og lestrarhraða
- fá tækifæri að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og kennara

Heimanám í lestri

- Lesa upphátt fyrir foreldra minnst fjórum sinnum í viku (20 sinnum í mánuði) 1 - 4 bls.og foreldri kvitti eftir hlustun. Nemendur fá viðurkenningarspjald ef lestrarlágmarki er náð.
- Lestrartörn (2 - 3 vikur) tvisvar á skólaári þar sem nemendur lesa í hljóði sögubækur að vild og getu og geri síðan grein fyrir efninu.

Talað mál og framsögn / hlustun og áhorf

Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að **hlusta** og skoða með athygli á gagnrýninn hátt. Markviss málörvun í leik og hópstarfi.

Nemandi á að:

- bæta málþroskann
- vinna með vísur og þulur, rím, stuðlun og hrynjanda
- þjálfast í hlustun
- kynnast þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tala í einu
- þjálfast í hljóðgreiningu og hljóðtengingu
- þjálfra skýran framburð í tali og lestri
- fá tækifæri að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum og foreldrum
- örva frásagnagleði sína og geta sagt frá reynslu sinni, lýst atburðum og hlutum skýrt og skipulega
- fá tækifæri til að kynna vinnu sína og verkefni
- fá þjálfun í að endursegja lesið efni
- þjálfast í að hlusta á upplestur bókmennta (sagna, þulna og ljóða)

Ritun

Nemandi á að:

- draga rétt til stafs
- þjálfast í að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd (Ítalíuskrift)
- þjálfast í fínhyringum með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfast í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum s.s. texta við eigin myndir, frumsömdum sögum og ljóðum, lýsingum á hlutum og atburðum
- leggja áherslu á stóran staf í sérnöfnum og í upphafi málsgreina
- átta sig á mikilvægi þess að vanda sig í ritun

Málfræði

Nemandi á að:

- fá tilfinningu fyrir uppbyggingu málsins og leggja grunn að áframhaldandi námi í málfræði
- læra að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning/málsgrein
- gera sér grein fyrir því að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- kynnast hugtökunum andheiti, samheiti og sérnöfn og samnöfn
- átta sig á mun sérhljóða og samhljóða

Námsefni íslenska:

- Lestrarbækur og ljósritað lestrarefni fyrir lestrarstundir
- Fjölbreytt safn léttra lestrarbóka
- Bekkjarsafn sögubækur
- Lestrar- og skriftaræfingar á blöðum
- Ás
- Ritrún 1

- Ýmis ljóð
- Skrift 1, 2 og æfingabók í skrift
- Forrit, s.s. - Glói geimvera 1 og 2, Myndaorðabók, Tölvulottó, Orðamyndir, Horfa Hlusta Skrifu, Frá A-Ö, Orðamyndir Bókasafnsverkefni

Námsmat:

- Metum stöðu nemenda í lestri og hljóðgreiningu í skólabyrjun
- Stuttar hraðlestrar- og lesskilningskannanir við og við á skólaárinu
- Hraðlestrar-, lesskilnings- og stafsetningarkannanir á annaprófum í janúar og maí
- Skráning og viðurkenning fyrir heimalestur
- Kannanir í skrift á annaprófum í janúar og maí
- Ritunar- og málfræðiverkefni metin jafnóðum yfir veturinn
- Símat á ástundun og vandvirkni

Viðmið um árangur í lestri:

1. bekkur

- Raddlestur 10 - 60 atkv./mín.

2. bekkur

- Raddlestur 50 - 100 atkv. / mín.

3. bekkur

- Raddlestur 110 - 170 atkv./mín.

4. bekkur

- Raddlestur 180 - 250 atkv. / mín.

Stærðfræði

Kennarar: *Hafrún Ósk Pálsdóttir og Stella Rut Axelsdóttir*

Heildarstefnan

Kennsla á yngsta stigi byggist á **reynslu og þekkingu barnanna** þegar þau hefja skólagöngu. Með tímanum þróast vinna þeirra og leikur þannig að þeim verður tamt að styðjast við stærðfræðileg hugtök. Stuðla ber að slíkri þróun með því að þjálfa börnin í ýmiss konar **talnavinnu, flokkun, röðun og lýsingum á eiginleikum hluta og umræðum um þá**. Mikilvægt er að nemendur geti tjáð **stærðfræðilega hugsun sína með eigin orðum og flétt síðan táknmál stærðfræðinnar inn eftir því sem þeir hafa vald á**. Nemendur geta oft unnið með **háar tölur og flókin hugtök** ef þeir þekkja vel til þeirra og geta stuðst við hjálpartæki.

- **Fjölbreyttar kennsluaðferðir** gefa nemendum tækifæri til að nálgast hugtök og hugmyndir frá mismunandi sjónarhornum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að **fjölbreyttum námsgögnum** og hvetjandi námsumhverfi.

Helstu kennsluaðferðir eru:

- Innlögn
- Umræður
- Verklegr vinna
- Sjálfstæð vinna
- Æfingar
- Þrautalausnir
- Rannsóknir og tilraunir
- Oft unnið í litlum starfshópum
- Samþætting við aðrar námsgreinar

Nemandi á að:

- læra að safna upplýsingum, noti gagnagrunn við skráningu og túlki upplýsingar
- geta nýtt sér plúsheiti talnanna 10 og 100
- efla skilning sinn á tölum frá 1 - 1000
- þekkja oddatölur og sléttar tölur og raðtölur
- rifja upp hugtökin fleiri en, færri en og jafnt og
- öðlast tilfinningu fyrir líkindum og kynnist námundun
- átta sig á hvernig setja má tölur saman úr einingum og tugum og öðlist skilning á sætiskerfinu
- æfa samlagningu og frádrátt með tugum
- geta notað hundraðtalnatöflu við samlagningu og frádrátt
- nota vasareikni sem rannsóknartæki
- beita ágiskun og sannreyni síðan
- beita hugtökum eins og lengd, breidd
- öðlast tilfinningu fyrir ólíkum mælieiningum
- skoða og greini einkenni marghyrninga
- átta sig á hugtökunum helmingur, helminga og tvöfalda og geti skipt heild í smærri hluta
- átta sig á muninum á tvívídd og þrívídd

- átta sig á speglun
- geta byggt eftir fyrirmynd
- átta sig á verðgildi myntar , þekki verð á nokkrum algengum matvörum
- átta sig á að árið er flokkað í árstíðir, mánuði, vikur og daga
- gera sér grein fyrir uppbyggingu dagatala og geti lesið úr þeim og skráð dagsetningar
- kynnast margföldun
- vinna þemaverkefni: Leikföng, Pósthús og Mold og grjótt auk annarra verkefna

Námsefni:

- Sproti 2b æfingabók, nemendabók og vinnubók
- Verkefnablöð sem fylgja sprota 2b
- Fjölrituð æfingarhefti
- Spil
- Forrit s.s. – Sifferlek, Snót og Snáði, Við borgum, Slönguspil, Reiknum meira, Klukkan, Pósthúsið, Ég, Talnaveiðar, Töfraflísar, Litli gagnagrunnurinn, Litli töflureiknirinn

Námsmat:

Matsverkefni þurfa að vara fjölbreytt til að prófa sem flesta þætti í hæfni nemandans.

Foreldrar þurfa að fá skilaboð og upplýsingar um stöðu nemandans með jöfnu millibili allt námsárið. Annarpróf í janúar og maí.

- símat
- próf sem fylgja Sprota 2b
- viðtöl og umræður
- verkefnaskil
- sjálfsmat

Bekkjarfundir (lífsleikni)

Kennari: *Hafrún Ósk Pálsdóttir og Stella Rut Axelsdóttir*

Efnistökin eru margvísleg, umræður um ýmis málefni sem eru í gangi hverju sinni, tilfinningar okkar skoðaðar, lærum félagsfærni, siðferði og reiðistjórnun.

Í öllum greinum geta komið upp margvísleg ágreiningsefni sem þarfnast umræðna, auðvitað getur skapast umræðugrundvöllur eftir jákvæð samskipti líka.

Markmið

Að efla tilfinningaþroska nemenda

Að auka samskiptahæfni nemenda

Að nemendur læri að bera viðröðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu.

Námsefni:

Olweus
Spor 2
Dæmisögur
Aukaefni frá kennara

Námsmat: virkni í tímum og sjálfsmat í lok annar.

Kristinfræði

Kennarar: *Hafrún Ósk Pálsdóttir og Sigríður Helga Ármannsdóttir*

Nemandi á að:

- efla trúar-, siðgæðis-, og félagsþroska sinn
- kynnast völdum sögum úr Gamla testamenntinu
- vita hvað orðið aðventa merkir og kynnist frásögnum af fæðingu Jesú
- kynnast frásögnum af dauða og upprisu Jesú
- temja sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, sannsögli og hjálpsemi og vandamál tengd einelti og bakmælggi

Námsefni: Regnboginn og aukaefni frá kennara

Námsmat:

- símat á vinnu og vinnubrögðum

Upplýsingatækni

Kennarar: *Hafrún Ósk Pálsdóttir og Stella Rut Axelsdóttir*

Nemandi á að:

- tileinka sér jákvætt viðhorf til tölvu og þjálfast í að umgangast þær
- þekkja mun á kennsluforriti og tölvuleik
- geta notað tölvu til að skrifa, vista og prenta út eigin texta
- geta nýtt sér efni af margmiðlunardiskum eða neti sem hæfir þessum aldurshópi

Námsefni:

- Á músarslóð 2
- Ýmis kennsluforrit og efni af netinu

Námsmat:

- símat á vinnu og vinnubrögðum

Samfélagsfræði og náttúrufræði

Kennarar: Hafrún Ósk Pálsdóttir og Stella Rut Axelsdóttir

Í náttúrufræði og samfélagsfræði eru efnisþættir úr eðlisvísindum, jarðvísindum og lífvísindum. Þjálfuð eru vísindaleg vinnubrögð, s.s.: skilgreining viðfangsefna, áform og skipulagning, framkvæmd, skráning og úrvinnsla, túlkun og mat, framsetning og miðlun. Viðfangsefnin eru byggð á reynsluheimi barnanna og daglegum veruleika þeirra og eiga að víkka sjóndeildarhringinn.

Nemandi á að:

- átta sig á árstíðarskiptum og tímatali (ár, mánuðir, vikur, dagar klukkustundir)
- þjálfast í að lesa á klukku og dagatal (verkefni um tímann)
- vinna þemaverkefni um vorið og haustið og fari í vettvangsferðir
- fá tækifæri til að kynnast ýmsum eiginleikum vatns
- gera athuganir þar sem fylgst er með einföldum lífsferlum, s.s. sáningu fræja
- þjálfast í að afla sér upplýsinga
- þjálfast í að tjá sig og gera grein fyrir viðfangsefninu munnlega, myndrænt og í ritun
- vinna hópverkefni um gæludýrin
- kynnast umferðarreglum (árstíðarbundið)
- vinna nokkur verkefni þar sem hann kynnist bílnum og eðlisfræðileg fyrirbæri s.s. kraft og hreyfingu, viðnám og orku sem bílnum tengjast

Námsefni:

- Komdu og skoðaðu bílinn
 - Komdu og skoðaðu hringrásir
 - Komdu og skoðaðu land og þjóð
 - Komdu og skoðaðu líkamann
 - Söguramminn: Fjölskyldan og bíllinn
 - Bókaflokkurinn „Ekki er allt sem sýnist“
- Ýmsar fræðibækur ætlaðar yngra stiginu s.s:
- Svona erum við
 - Fuglarnir okkar
 - Blómin okkar
 - Teikning gæludýr
 - Köngulær og skordýr
 - Vísur og sögur

Námsmat:

- símat á vinnu og vinnubrögðum
- kannanir úr efni

Myndmennt

Kennari: Ólöf Þórunna Hannesdóttir

Nemandi á að :

- þekkja frumlitina og geta gert einfaldar litablöndur
- þekkja grunnformin og geta notað þau við myndgerð
- þekkja hugtakið áferð og geta beitt því í mynd
- þekkja hugtakið lína og geta beitt henni með mismunandi áhöldum og aðferðum til að ná fram ólíkum áhrifum
- geta greint aðalatriði og aukaatriði í myndum
- kynnast helstu listaverkum í nánasta umhverfi.

Námsefni:

- Ýmis verkefni sem kennari tekur saman.

Námsmat :

- Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.
- Metin er virkni nemenda í tímum, færni þeirra, hugmyndaauðgi og frágangur verkefna.

Hannyrðir

Kennari: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir

Nemandi á að:

- fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu
- geta unnið við vefnað
- læra að ganga frá endum
- geta unnið með tvöfalt efni, klippa og sauma saman
- geta unnið úr ull
- geta skipulagt sig í vinnu
- geta unnið eftir leiðbeiningum frá kennara
- geta notað einföldustu áhöld sem eru notuð í hannyrðum
- geta notað mismunandi liti og form við eigin sköpun
- gera sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut.

Námsmat:

Vinna og ástundun nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Símatið felur í sér að kennarinn metur

- umgengni
- verklag og vandvirkni
- hugmyndaauðgi, iðni og afköst.

Tónmennt

Kennari: Egill Jónsson

Nemandi á að:

- syngja lög, íslensk og erlend
- hlusta á tónlist og hljóð
- hreyfa sig eftir tónlist
- spila á skólahljóðfæri
- æfa hryn
- læra um nótur og skrifa þær
- þekkja háa og lága tóna

Námsefni :

- Tónmennt 1. og 2. hefti, ásamt fylgiheftum og hlustun.

Námsmat:

- Vinna og virkni nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Íþróttir

Kennarar: *William Geir Þorsteinsson og Heimir Þorsteinsson*

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf og gleðjast yfir hverjum leik. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar. Skipa þessir þættir stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Því þarf að leggja ríka áherslu á að þau öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar og að sjálfsmynd þeirra eflist með þátttöku í leikjum og fjölbreyttri hreyfingu. Nemendur eru með 3 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

- læri og taki virkan þátt í margvíslegum leikjum og æfingum, sem jafnframt styrkja samskipti og samvinnu nemenda
- læri að þekkja heiti helstu líkamshluta og hreyfinga
- tileinki sér þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru í skólaíþróttum

- upplifi skólaípróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt
- leysi verkefni af hendi þar sem tekið hefur verið tillit til annarra
- öðlist skilning á neikvæðum samskiptaformum eins og stríðni og einelti
- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áræði

Viðfangsefni

Einfaldar æfingar og leikir sem ná til samspils skynfæra og útfærslu hreyfinga

Þjálfun í notkun ólíkra áhalda

Fjölbreyttir leikir og æfingar sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og bæta líkamshreysti og þrek

Leikrænar undirbúningsæfingar fyrir einstakar íþróttagreinar

Hreyfinám og íþróttaiðkun utanhúss

Stöðluð próf til að meta líkamshreysti og liðleika

Einföld verkefni sem ná til sköpunar og leikrænnar tjáningar

Námsmat

Mæting, virkni og framkoma.

Sund

Kennari: *Stefanía Freysteinsdóttir*

Vikustundir: 1

Markmið:

- Þjálfist í grunnhreyfingum í vatni eins og t.d. að hlaupa, busla og fljóta
- Leysi af hendi einfaldar æfingar og leiki sem þroska skynfærin og taki þátt í leikjum sem reyna á samspil þeirra
- Þjálfist í æfingum og leikjum með ýmis áhöld auk leikja sem þjálfar þol og þrek
- tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gangi eru
- kynnist hreinlæti og umgengnisreglum á sundstað
- öðlist öryggistilfinningu í vatninu

2. sundstig

- a) marglyttuflot með því að rétta úr sér
- b) spyrna frá bakka og rennsli með andlit í kafi, a.m.k. 2,5 m.
- c) hoppa af bakka í grunna laug
- d) 10 m bringusund með eða án hjálpartækja
- e) 10 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja
- f) 8 m skriðsundsfsótatök með eða án hjálpartækja

Námsmat

Sundpróf

3. bekkur

Umsjónarkennari: Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir

Íslenska

Lestur

Nemandi á að:

- auka lestrarhraða sinn og efla lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- geta lesið sér til gagns og ánægju og nota lestur sem tæki til náms
- þjálfast í upplestri
- notfæra sér bæjarbókasafn með reglubundnum hætti.

Heimanám í lestri:

- lesa upphátt fyrir foreldra minnst fjórum sinnum í viku (20 sinnum í mánuði) 1-4 bls. foreldri kvittar eftir hlustun. Skrifa 3 orð eftir hvern lestur. Lesa frjálst og merkja á heimalestrarblað, allt að sjö sinnum í viku.
- lestrartörn í (2- 3 vikur) tvisvar á skólaári, þar sem nemendur lesa í hljóði sögubækur að vild og getu og gera síðan grein fyrir efninu.

Talað mál og framsögn

Nemandi á að:

- lesa ljóð og sögur upphátt
- segja frá eigin reynslu
- þjálfast í að tjá sig fyrir framan bekkjarfélagana
- þjálfast í notkun ræðupúlts.

Hlustun og áhorf

Nemandi á að:

- hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim
- hlusta á frásagnir bekkjarfélaganna
- hlusta á sögur og ljóð sem kennari les upp.

Ritun

Nemandi á að:

- ná tókum á að draga rétt til stafs
- þróa með sér læsilega og áferðarfallega rithönd
- æfast í að semja sögur og ljóð
- læra að fara eftir nokkrum stafsetningarreglum t.d. stór stafur á eftir punkti og í sérnöfnum og að hafa bil á milli orða.

Námsefni

- Skrift 3A - 4B (námsefni frá Síðuskóla Akureyri) og Skrift 1, 2 og 3 eftir Hörð Rafnsson.

Bókmenntir

Nemandi á að:

- læra nokkrar þekktar vísur og ljóð
- þjálfast í að fá bækur að láni á bókasafni
- gera sér grein fyrir hugtökum eins og aðalpersónur og söguþráður.

Málfræði

Nemandi á að:

- þekkja hugtökin bókstafur, orð og setning
- læra að greina sérnöfn og samnöfn
- þekkja munin á samhljóðum og sérhljóðum
- læra að greina samheiti og andheiti
- gera sér grein fyrir að orð geta verið samsett úr einu eða fleiri orðum
- gera sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- þekkja stafrófið og geta beitt því.

Námsefni

- Ritrún 3
- Blái blýanturinn
- Krossgátur
- Lesa og skilja
- fjölbreytt safn lestrar- og vinnubóka
- Ljóðsprotar og fleiri ljóðabækur
- bekkjarbókasafn og sögubækur.

Námsmat

- Hraðlestrar - og lesskilningskannanir á annarprófum í desember og maí
- skráning og viðurkenning fyrir heimalestur
- skrift og frágangur á rituðum texta yfir veturinn
- kannanir í skrift á annarprófum í desember og í maí.

Viðmið um árangur í lestri:

1. bekkur

- Raddlestur 10 - 60 atkv./mín.

2. bekkur

- Raddlestur 50 - 100 atkv. / mín.

3. bekkur

- Raddlestur 110 - 170 atkv./mín.

4. bekkur

- Raddlestur 180 - 250 atkv. / mín.

Stærðfræði

Kennari: Helga Ósk Snædal Þórobsdóttir

Nemandi á að:

- öðlast færni í undirstöðuatriðum stærðfræðinnar
- nýta sér þekkinguna við dagleg viðfangsefni.

Helstu áherslur vetrarins:

- vinna með tölur upp í 1000
- skilningur á merkingu hugtakanna hundrað, tugur og eining
- vinna með klukku og speglun
- taka til láns og geyma
- margföldun og byrja á deilingu
- skilningur á brotum $\frac{1}{2}$, $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{4}$.

Sundurliðuð markmið miðuð við Aðalnámskrá

Stærðfræði og tungumál

- lesa texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greina um hvað hann fjallar
- þjálfast í að skrá svör sín við dæmum með því að nota talnatákn og aðgerðarmerki.

Lausnir verkefna og þrauta

- vinna með öðrum að lausn þrauta
- temja sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- leysa og búa til þrautir sem tengjast daglegu lífi.

Röksamhengi og röksemdafærslur

- meta hvort fullyrðingar sem settar eru fram eru sannar
- spila með rökkubbum
- skoða form í nánasta umhverfi sínu
- áætla hvað vörur kosta
- þjálfast í að lesa af klukku.

Tölur

- vinna með og ræða um háar tölur, stærð þeirra og notkun í daglegu lífi.

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

- þjálfast í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna
- skoða talnamynstur í margföldunartöflum
- læra margföldunartöflur
 - vinna með talnalínu til að skoða andhverfar aðgerðir
- þjálfast í að áætla svör við dæmum og að nota þekkingu á tugakerfinu við hugareikning
- þjálfast í að námunda tölur að næsta tug.

Hlutföll og prósentur

- leggja mat á stærðir, t.d. hvort er meira helmingur eða þriðjungur
- stækka flatarmyndir, t.d. á pinnabretti.

Mynstur og algebra

- skoða mynstur, t.d. regluleika, hvernig mynstur er hægt að búa til með mismunandi fjölda eininga og búa til talnamynstur á vasareikni.

Rúmfræði

- búa til þrívíða hluti og ræða um heiti hlutanna, t.d. horn, brúnir og hliðarfleti
- mæla lengd hluta, t.d. með kubbum og bera saman við mælingar með reglustiku eða málbandi
- telja út hnit og vinna með samhverfur.

Tölfræði og líkindafræði

- gera rannsóknir á umhverfi sínu og sýna niðurstöður í myndriti.

Námsefni

- Sproti 3a og Sproti 3b, nemendabók og æfingabók
- Sproti 3a og 3b æfingaverkefni.
- Verkefnablöð og þrautarlausnir
- Í undirdjúpunum
- Við stefnum á margföldun
- Reiknað með vasareikni
- Fjölrítuð upprifjunarhefti.

Námsmat

- Skrifleg, munnleg og verkleg próf í desember og maí
- Vinna nemenda í tímum í hóp- og einstaklingsverkefnum
- Eftir hvern kafla í Sprotu eru lögð fyrir kaflapróf.

Íþróttir

Kennarar: William Geir Þorsteinsson

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar og skipa þessi þættir stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Því þarf að leggja ríka áherslu á að þau öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar og að sjálfsmýnd þeirra eflist með þátttöku í leikjum og fjölbreyttri hreyfingu. Nemendur eru með 3 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

Læri og taki virkan þátt í margvíslegum leikjum og æfingum, sem jafnframt styrkja samskipti og samvinnu nemenda

Læri að þekkja heiti helstu líkamshluta og hreyfinga

Tileinki sér þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru í skólaíþróttum

Upplifi skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt

Leysi verkefni af hendi þar sem tekið hefur verið tillit til annarra

Öðlist skilning á neikvæðum samskiptaformum eins og stríðni og einelti

Taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áræði

Viðfangsefni

Einfaldar æfingar og leikir sem ná til samspils skynfæra og útfærslu hreyfinga

Þjálfun í notkun ólíkra áhalda

Fjölbreyttir leikir og æfingar sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og bæta líkamshreysti og þrek

Leikrænar undirbúningsæfingar fyrir einstakar íþróttagreinar

Hreyfinám og íþróttaiðkun utanhúss

Stöðluð próf til að meta líkamshreysti og liðleika

Einföld verkefni sem ná til sköpunar og leikrænnar tjáningar

Námsmat

Mæting, virkni og framkoma.

Sund

Kennari: **Stefanía Freysteinsdóttir**

Vikustundir: 1

Markmið:

Að nemendur

- taki þátt í æfingum, með og án áhalda, sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar
- nái tökum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra og samhæfingu hreyfinga
- taki þátt í umræðu um björgunarþætti og læri að bregðast rétt við ef óhapp ber að höndum
- taki þátt í ýmsum hópleikjum sem efla líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, þrek og aðlögun að vatni
- læri að taka fram og ganga frá sundáhöldum á réttan og öruggan hátt
- að fara eftir öryggisreglum á sundstað

3. sundstig

- a) 12 metra bringusund
- b) 12 metra skólabaksund með eða án hjálpartækja
- c) 8 metra skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram
- d) 6 metra baksund með eða án hjálpartækja
- e) kafað eftir hlut á 1 – 1,5 m. dýpi

Námsmat

Sundpróf

Kristinfræði

Kennari: **Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir**

Nemandi á að:

- kynnast frásögnum af ættfeðrunum Abraham, Ísak og Jakob og sögunni af Jósep
- þekkja valdar sögur úr Nýja testamentinu, t.d. köllun fyrstu lærisveinanna, lækningunni við Betesdalaug og týndu drökmunni
- þekkja atburði pálmásunnudags, skírdags, föstudagsins langa og páskadags
- vita hvað kristniboð er
- ræða um siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu, fyrirgefningu og þekkja muninn á réttu og röngu
- temja sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra.

Námsefni:

- Stjarnan.

Námsmat:

- Vinna nemenda er metin jafnt og þétt yfir veturinn
- Skrifleg könnun í lok anna í desember og maí.

Náttúru- og samfélagsfræði

Kennari: Helga Ósk Snædal Þóroormsdóttir

Nemandi á að:

- kynnast íslensku húsdýrunum og hvaða hlutverki þau gegni í samfélaginu
- átta sig á að allar lífverur þurfa vatn, loft, fæðu og búsvæði til að lifa
- þekkja og geta nafngreint, íslensk spendýr á landi, helstu fugla í heimabyggð og algeng smádýr
- þekkja hvernig dýr annast afkvæmi sín samanborið við manninn
- læra að njóta náttúrunnar, bera virðingu fyrir henni og vilja vernda hana
- þekkja helstu tré og hvað er sameiginlegt með trjám
- átta sig á helstu hættum í umhverfi sínu og hvernig ber að varast þær
- framkvæma ýmsar tilraunir með rafmagn, vatn og loft þar sem þeir fá tækifæri til að velta fyrir sér og kanna eðli og eiginleika loftsins, leysni vatns og leiðni ýmissa hluta á rafmagni, setji fram tilgátur, geri tilraunir, uppgötvu og tengi orsakir og afleiðingar
- læra um áhrif krafta á ýmis efni
- átta sig á tengslum framleiðslu og þjónustu með því að kynnast framleiðsluferli vöru, frá framleiðanda til neytanda, t.d. mjólkur
- reyna kosti samvinnu, að margir afli upplýsinga og að mismunandi hæfileikar innan hópsins nýtist við að miðla upplýsingum (einn er góður að semja, annar að skrifa, teikna o.s.frv.)
- læra um ólíka siði og venjur í heiminum
- læra um jörðina, sólina, tunglið og reikistjörnur í sólkerfinu okkar
- læra um landfræðileg hugtök, þekkja helstu veðurtákn og áhrif veðurs á líf okkar og æfa viðbrögð við mögulegum náttúruhamförum í heimabyggð
- læra um sögu skóla og atvinnu í heimabyggð og helstu örnefni
- læra að lesa á landakort og vinna verkefni tengd þeim
- þekkja nokkrar persónur Íslandssögunnar s.s. Ingólf Arnarson og Jón Sigurðsson
- vera fróðari um vesturferðirnar fyrir og um 1900 og geta sagt frá frægum landkönnuði
- gera sér grein fyrir að ekki eru allir eins og tileinka sér þannig virðingu fyrir sérstöðu annarra hvað varðar útlit, klæðaburð og smekk
- kunna skil á umferðarreglum og umferðarmerkjum fyrir gangandi vegfarendur
- geta bent á slysaöldrur í umhverfinu, á heimilum og þekki varasöm efni sem þar kunna að vera geymd.
- læra að greina á milli eigin reynslu og reynslu annarra, t.d. með því að bera saman frásögn sína og annars bekkjarfélaga af atburði eða upplifun
- fá að tjá sig um frásagnir eða fréttir í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi

- Þjálfast í að flytja mál sitt í heyranda hljóði, hlusta á aðra, svara fyrirspurnum, bera fram spurningar um efnið og endursegja

Námsefni:

- Í sveitinni með Æsu og Gauta, vinnubók og myndband
- Komdu í og skoðaðu hvað dýrin gera
- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Húsdýrin okkar
- Tré e. Jón Guðm., Ég greini tré
- Húsdýrin okkar og ýmsar dýra og náttúrufræðibækur
- Villtu spendýrin okkar

Námsmat:

- Vinna nemenda er metin jafnt og þétt yfir veturinn ásamt könnunum í lokanna.

Lífsleikni / Bekkjafundir

Kennari: Helga Ósk Snædal Þóroormsdóttir

Unnið verður markvisst að eftirfarandi:

- greina og viðurkenna tilfinningar annarra
- ráða í tilfinningar annarra
- setja sig í spor annarra
- sýna öðrum tillitsemi

Að minnka líkur á hegðun sem einkennist af; skyndilegum hugdettum, skyndihvötum og hugsunarleysi með því að:

- kenna börnunum að leysa deilur og árekstra á skipulegan hátt
- efla félagsfærni barna

Að minnka líkur á því að börnin sýni hvort öðru frekju og yfirgang með því að

- kenna þeim að þekkja reiðitilfinningar
- nota afslöppunartækni til að hafa hemil á sér

Námsefni:

- Tjáskiptaspilið
- Ég er það sem ég vel

Námsmat:

- Virkni í tímum
- Símat
- Verkefnavinna

Upplýsingatækni

Kennari: Helga Ósk Snædal Þóroormsdóttir

Nemandi á að:

- gera greinarmun á kennsluforritum og leikjum
- kunna að nota ákveðna sérlykla á lykilborði sem notaðir eru í staðinn fyrir mús, s.s. örvalykla og lykla til loka og opna forrit
- tileinka sér rétta líkamsbeitingu við innslátt á texta
- geta ritað texta í ritvinnslu
- geta leitað eftir efnisorðum á Netinu.

Námsefni:

- Kennsluforritið Fingrafimi, ritvinnsluforritið, flash, photo story og önnur forrit.

Námsmat:

- Vinna nemenda er metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Heimilisfræði

Kennari: Guðrún Ásgeirsdóttir

Nemandi á að :

- þekkja algeng eldhúsáhöld og vita til hvers þau eru notuð
- fá þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- geta unnið í samvinnu við aðra
- geta gengið frá eftir sig á sínum vinnustað
- þekkja fæðuflokka
- þekkja algengar mjólkurvörur og kynnist ferlinu frá kúnni til neytandans
- gera sér grein fyrir algengustu slyshættum í eldhúsinu
- læra um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf
- temja sér að vinna með öðrum, taka tillit til og virða skoðanir annarra.

Námsefni :

- Hollt og gott 2
- Uppskriftir.

Námsmat :

- Vinna nemenda, vinnubók og framkoma er metin og einkunn gefin að vori.

Smíðar

Kennari: Stella Rut Axelsdóttir

Helstu markmið:

- Stuðla að vinnugleði í smíðastofu.
- Læra að vinna með og umgangast aðra nemendur.
- Öll verkefni eru unnin úr tré.

Nemandi á að:

- þekkja öryggisbúnað og reglur sem gilda í smíðastofunni
- þekkja heiti helstu verkfæra
- geta notað einföld handverkfæri t.d. sög, þjöl, hamar, þvingur og hefil
- kunna að pússa og vinna efni undir yfirborðsmeðferð
- bera sig rétt að við vinnu
- hafa öðlast jákvætt viðhorf til verkmenntunar
- geta gengið frá verkfærum eftir sig og sópað vinnusvæði.

Námsmat:

- Vinna og ástund nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn
- Símatið felur í sér að kennarinn metur :
- Umgengni .
- Verklag og vandvirkni.
- Iðni og afköst.

Hannyrðir

Kennari: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir

Nemandi á að:

- fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu
- geta þrjónað garðaprjón
- geta unnið með tvöfalt efni, klippa og sauma saman
- geta notað útsaum til skreytingar
- geta farið yfir helstu hluta saumavélar
- geta saumað einfaldar línur á saumavél
- geta unnið eftir leiðbeiningum frá kennara
- geta notað einföldustu áhöld sem eru notuð í hannyrðum
- geta notað mismunandi liti og form við eigin sköpun
- gera sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut.

Námsmat:

Vinna og ástundun nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Símatið felur í sér að kennarinn metur

- umgengni
- verklag og vandvirkni
- hugmyndaauðgi, iðni og afköst.

Tónmennt

Kennari: Egill Jónsson

Nemandi á að:

- Syngja lög, íslensk og erlend.
- Hlusta á tónlist og hljóð.
- Hreyfa sig eftir tónlist.
- Spila á skólahljóðfæri.
- Æfa hryn.
- Læra um nótur og skrifa þær.
- Þekkja háa og lága tóna.
- Þekkja mun á laglínu sem fer upp eða niður.
- Kynnast andstæðum eins og sterkt og veikt <forte – piano>.

Námsefni :

- Tónmennt 2. og 3. hefti, kennslubækur ásamt tilheyrandi fylgiheftum og hlustunarverkefnum.

Námsmat:

- Vinna og virkni nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn, og próf að vori.

Myndmennt

Kennari: Ólöf Þ. Hannesdóttir

Nemandi á að:

- þekkja frumlitina og gera sér grein fyrir muninum á heitum og köldum litum
- þekkja grunnformin og geta notað þau í myndgerð
- þekkja einfalda myndbyggingu og muninn á forgrunni, bakgrunni og miðrými í myndum
- geta náð fram kyrrð eða hreyfingu í myndum
- kynnast því að nota mismunandi efni og verkfæri
- kynnast mismunandi listamönnum, verkum þeirra og mismunandi nálgun við sama viðfangsefnið.

Námsefni:

- Ýmis verkefni sem kennari tekur saman.

Námsmat :

- Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.
- Metin er virkni nemenda í tímum, færni þeirra, hugmyndaauðgi og frágangur verkefna.

4. bekkur

Umsjónarkennari: Hildur Vala Þorbergsdóttir.

Íslenska

Kennari: Hildur Vala Þorbergsdóttir.

Helstu markmið:

Lestur

Nemandi á að:

- auka lestrarhæfni sína, bæta orðaforða og efla lesskilning
- ná tökum á að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim.
- geta lesið upphátt, skýrt og áheyrilega á viðunandi hraða
- þjálfast í samlestri og upplestri fyrir bekkjarfélaga
- lesa sögubækur og fræðirit sér til gagns og ánægju
- lesa heima a.m.k. þrisvar sinnum í viku fyrir fullorðinn og tvisvar sinnum í hljóði

Námsefni:

Lestarbækur eftir getu hvers og eins í heimalestri.
Skinna.
Óskasteinn í stýrðum lestri.

Talað mál – framsögn

Nemandi á að:

- geta tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar í töluðu máli
- geta rætt um vandamál sem kunna að koma upp
- þjálfast í að lesa upphátt með réttum áherslum og hrynjandi
- geti farið eftir þeim reglum sem ríkja þegar margir þurfa að tjá sig í einu

Námsefni:

- ýmis verkefni t.d. úr Skinnu lesbók og Ritunarhandbókinni

Hlustun – áhorf

Nemandi á að:

- getað hlustað á og tekið tillit til annarra
- geta endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- geta farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim
- geta horft á fræðsluefni og vinna úr upplýsingum sem þar koma fram

Námsefni:

- ýmis verkefni sem kennari tekur saman.

Ritun

Nemandi á að:

- ná tókum á grunnskript og þjálfast í að draga rétt til stafs
- geta skrifað samfelldan texta með tengdri skrift
- tileinka sér læsilega rithönd og vandaðan frágang
- öðlast sjálfstraust og hafa ánægju af að rita eigin texta
- geta skrifað sögur, ljóð og einfaldar lýsingar á atburðum
- þjálfast í að stafsetja rétt
- þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag
- geta skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- þjálfast í að nota orðabækur sem hjálpartæki við ritun
- kynnast ritvinnslu sem hjálpartæki við ritun

Námsefni:

námsefni í Ítalíuskript frá Síðukóla Akureyri og Skriftarbók 4 eftir Hörð Rafnsson
Skinna verkefnabók og Ritunarhandbókin

Bókmenntir

Nemandi á að:

- læra utanbókar vísur og ljóð

- geta lesið sér til gangs og gamans, upphátt sem og í hljóði
- lesa ljóð og kryfja
- læra að hlusta á sögur
- geta lesið sögur, ævintýri, þjóðsögur, gamansögur og stuttar bækur sér til ánægju
- þekkja hugtök eins og persóna, söguhetja, söguþráður, umhverfi og sögulok

Námsefni:

- Skólaljóð og ljóð úr ýmsum áttum
- Þjóðsögur, ævintýri og ýmis verkefni sem kennari tekur saman

Málfræði

Nemandi á að:

- þjálfast í að búa til og greina samsett orð
- þekkja mun á sérhljóða og samhljóða
- læra að greina nafnorð, lýsingarorð og sagnorð
- læra að greina kyn nafnorða
- læra að greina eintölu og fleirtölu nafnorða
- þekkja mun á samnöfnum og sérnöfnum
- fá tækifæri til að beita móðurmálinu á fjölbreyttan hátt, t.d. í sögugerð, leikjum, vísnaverð og krossgátum

Námsefni:

- Skinna I og 2 verkefnabækur, námsefni af netinu og aukavinnubækur sem kennari tekur saman.
- verkefni sem fylgja lestrarátökum

Námsmat:

- hraðapróf í lestri í upphafi skólaárs, október, desember, febrúar og maí
- samræmt próf í september
- skriflegt- og munnlegt íslenskupróf í desember og maí.
- vinna nemanda metin jafnt og þétt yfir veturinn símat felur í sér að kennarinn metur:
 - frágang og vandvirkni
 - iðni og afköst
 - áhuga og frumkvæði
 - þekkingu og getu

Stærðfræði

Kennari: Hildur Vala Þorbergsdóttir.

Helstu markmið:

Tölur

Nemandi á að:

- geta lesið, skrifað og unnið með tölur upp í 10.000
- þekkja neikvæðar tölur, t.d. á hitamæli
- læra undirstöðu almennra brota
- þekkja sléttar tölur og oddatölur
- geta notað aðra hverja og þriðju hverju tölu o.s.frv
- kunna að nota reiknivél við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu

Reikningsaðgerðir og reiknikunnátta

Nemandi á að:

- geta notað fjölbreyttar aðferðir við samlagningu og frádrátt talna 0 - 1000
- geta sett fram og nýtt sér margföldunartöfluna upp í 10 sinnum 10
- geta margfaldað þriggja stafa tölu með eins stafs tölu og reiknað einföld deilingardæmi
- geta reiknað í huganum með heila tugi, hundruð og þúsund
- geta notað námundun að næsta tug eða hundraði til að einfalda reikning
- geta leyst einföld orðadæmi og þrautir
- geta lesið úr töflum og gröfum

Hlutföll og prósentur

Nemandi á að:

- geta notað hugtökin tvöfalt, þrefalt, fjórfalt
- vita hvað er helmingur, þriðjungur og fjórðungur
- geta metið hvort tiltekin stærð er stór eða lítill hluti af heild
- geta stækkað og smækkað flatarmálsmyndir
- geta sagt hvað er 50% og 100% af stærð eða fjölda

Mynstur og algebra

Nemandi á að:

- geta kannað og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og spáð fyrir um framhaldið
- geta leyst einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu.

Rúmfræði

Nemandi á að:

- þekkja og geta teiknað punkt, línu, línustrik, samsíða línur, línur sem skerast og tvær línur hornréttar hvor á aðra
- geta flokkað horn eftir því hvort þau eru gleið hvöss eða rétt
- þekkja hring, þríhyrning, sexhyrning, ferning, rétthyrning og samsíðung
- kanna þrívíðar myndir t.d. teninga
- kunna höfuðáttirnar í umhverfinu og á landakorti
- geta merkt hnit heilla talna í hnitakerfi.

Tölfræði

Nemandi á að:

- geta safnað, skráð og flokkað gögn og sett þau fram í töflum og súluritum
- geta borið saman gögn með því að nota hugtök sem tákna fjölda eða magn
- kynna sér hugtök eins og öruggt, sennilegt, óvíst, ósennilegt, líklegt og ólíklegt.

Námsefni:

- Eining 7 og 8, Við stefnum á margföldun, Við stefnum á deilingu, Viltu reyna?, Vasareiknir 1-5, Sproti 3b, 4a og 4b.

Námsmat:

Reglulegar kannanir yfir veturinn. Samræmt próf í september. Verklegt/munnlegt- og skriflegt próf í desember og maí.

Kristinfræði

Kennari: Hildur Vala Þorbergsdóttir.

Helstu markmið:

Nemandi á að:

- kynnast sögum af Móse
- þekkja sögur af fæðingu Jesú
- kynnast jólasíðum í “gamla daga”
- þekkja sögur af lífi og starfi Jesú
- kannast við sögur af dauða og upprisu Jesú
- kannast við kirkjulegar athafnir eins og skírn, fermingu og jarðaför
- þroska með sér tillitsemi og nærgætni
- læra að meta hrós og læra að hvetja aðra.

Námsefni:

- Birtan og vinnuhefti um sama efni

Námsmat:

- símat á vinnu og vinnubrögðum nemenda.
könnun í maí.

Náttúrufræði

Kennari: Hildur Vala Þorbergsdóttir

Helstu markmið:

Nemandi á að:

- þjálfast í að beita aðferðum og vinnubrögðum náttúrufræðinnar, einkum því að skoða, lýsa, mæla, flokka og túlka á sinn hátt
- veita nánasta umhverfi sínu athygli og öðlast skilning á ýmsum hugtökum tengdum náttúrunni, s.s veðurfræði, hringrás vatns, ljóstillífun, lífsferlum og fæðukeðjum
- gera sér grein fyrir því hvaða breytingar í náttúrunni má tengja árstíðaskiptum
- átta sig á hvað það er sem einkennir lifandi verur og greinir þær frá lífvana hlutum s.s. hreyfing, næring, vöxtur og æxlun

- kynnast eðli og eiginleikum seguls og þekkja hugtök tengd honum
- kynnast eðli og eiginleikum ljóss og þekkja hugtök tengd því

Námsefni:

- Náttúran allan ársins hring, Ljós og skuggar, *Ekki er allt sem sýnist: Ljós, Segull, Sól og skuggar*
- tengist námsefni í samfélagsfræði lífríki í sjó og fjöru
- ýmiss forrit, myndbönd og fræðslurit

Námsmat:

- vinnuhefti og virkni í tímum, sjálfsmat, könnun í lok verkefna

Samfélagsfræði

Kennari: Hildur Vala Þorbergsdóttir.

Helstu markmið:

Nemandi á að:

- öðlast skilning á því hvað hafið og lífríki þess er mikilvægt fyrir lífsafkomu Íslendinga
- fræðast um lífríki í hafi og fjöru
- fræðast um fiskvinnslu
- fræðast um veiðarfæri og fiskiskip
- kynnast helstu kennileitum í heimabyggð t.d. örnefnum og vinnustöðum, sem tengjast fiskvinnslu og veiðum
- kunna að nota landakort af Íslandi
- þekkja algeng landafræðihugtök t.d. áttir, láglendi, firðir, víkur og vogar
- geta aflað sér heimilda á mismunandi hátt t.d. úr bókum, af netinu og með vettvangsferðum
- æfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu
- kynnast nánasta umhverfi sínu með vettvangsferðum
- kynna námsefnið fyrir félagamönnum og foreldrum

Námsefni:

- Flýgur fiskisagan ásamt verkefnum
- Ísland landið okkar

- Komdu og skoðaðu sögu mannkyns
- margskonar verkefni á neti og af gögnum skólans
- ýmiss fræðirit t.d. á bókasafni

Námsmat:

- vinnuhefti, sjálfsmat og virkni í tímum
- könnun í lok verkefna

Lífsleikni – Bekkjarfundir

Kennari: Hildur Vala Þorbergsdóttir.

Unnið verður markvisst að eftirfarandi atriðum:

- Tilfinningar – góðar/erfiðar
- öndun
- vinátta og leikir
- líðan í skóla, stofunni og í frímínútum
- samskipti
- sýna öðrum virðingu

Minnka líkur á hegðun sem einkennist af; skyndihvötum og hugsunarleysi með því að:

- kenna börnunum að leysa deilur og árekstra á skipulegan hátt
- kenna börnunum að ræða saman og leysa deilur þannig
- efla félagsfærni barna

Námsefni:

- Tjáskiptaspilið
- Samvera; Verum vinir, vinnum saman í skólastofunni, verum saman í frímínútum
- Ég er það sem ég vel!

Námsmat:

- Virkni í tímum
- Símat
- Verkefnavinna

Upplýsingatækni

Umsjónarkennari: Magna Júlíana Oddsdóttir.

Helstu markmið:

Nemandi á að:

- tileinka sér jákvætt viðhorf til tölvuvinnslu
- þjálfast í að umgangast tölvur sem sjálfsagt verkfæri
- venja sig á rétta fingrasetningu og rétta líkamsstöðu
- geta notað tölvu til að skrifa og prenta út texta
- geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- kunna að leita að heimasíðum á netinu
- þekkja mun á kennsluforriti og tölvuleik

Námsefni:

- Verkefni fyrir krakka í forritinu Word eftir Margréti Sigurðardóttir
- Ýmis önnur verkefni af vef Námsgagnastofnun
- kennsluforrit í eigu skólans, á netinu og verkefni sem kennari tekur saman

Námsmat:

- símat á vinnu og vinnubrögðum nemenda. metin vandvirkni, virkni, áhugi, frumleiki
- könnun í maí

Myndmennt

Kennari: Ólöf Þórána Hannesdóttir

Nemandi á að:

- þekkja sex lita hringinn
- vinna með andstæða liti, heita og kalda liti, ljós og skugga
- vinna með línur og áferð
- þekkja hugtakið rými og geta náð að skapa rými í myndum
- þekkja hugtakið rými með áherslu á umhverfið, s.s. götur, torg og byggingar
- þekkja hugtökin jákvætt og neikvætt rými og beita þeim í myndgerð
- kynnast völdum íslenskum listamönnum, ævisögu og verkum.

Námsefni:

- Ýmis verkefni sem kennari tekur saman.

Námsmat :

- Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.
- Metin er virkni nemenda í tímum, færni þeirra, hugmyndaauðgi og frágangur verkefna.

Hannyrðir

Kennari: Þórfriður Soffía Þórainnsdóttir

Nemandi á að:

- fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu
- öðlast færni í að nota málband og setja merkingar á vefjarefni
- þekkja undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikk-sakk á saumavél
- geta notað einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- geta prjónað garðaprjón
- læra að ganga frá prjónalesi
- geta unnið með tvöfalt efni, klippa og sauma saman
- geta notað útsaum til skreytingar
- geta farið yfir helstu hluta saumavélar
- geta saumað einfaldar línur á saumavél
- geta unnið eftir leiðbeiningum frá kennara
- geta notað einföldustu áhöld sem eru notuð í hannyrðum
- geta notað mismunandi liti og form við eigin sköpun

Námsmat:

Vinna og ástundun nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn.

Símatið felur í sér að kennarinn metur

- umgengni
- verklag og vandvirkni
- hugmyndaauðgi, iðni og afköst.

Íþróttir

Kennari: Ragna Dögg Ólafsdóttir og William Geir Þorsteinsson

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf og gleðjast yfir hverjum leik. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar. Skipa þessir þættir stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Því þarf að leggja ríka áherslu á að þau öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar og að

sjálfsmýnd þeirra eflist með þátttöku í leikjum og fjölbreyttri hreyfingu. Nemendur eru með 3 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemendur:

- læri og taki virkan þátt í margvíslegum leikjum og æfingum, sem jafnframt styrkja samskipti og samvinnu nemenda
- læri að þekkja heiti helstu líkamshluta og hreyfinga
- tileinki sér þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru í skólaíþróttum
- upplifi skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt
- leysi verkefni af hendi þar sem tekið hefur verið tillit til annarra
- öðlist skilning á neikvæðum samskiptaformum eins og stríðni og einelti
- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áræði

Viðfangsefni

Einfaldar æfingar og leikir sem ná til samspils skynfæra og útfærslu hreyfinga

Þjálfun í notkun ólíkra áhalda

Fjölbreyttir leikir og æfingar sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og bæta líkamshreysti og þrek

Leikrænar undirbúningsæfingar fyrir einstakar íþróttagreinar

Hreyfinám og íþróttaiðkun utanhúss

Stöðluð próf til að meta líkamshreysti og liðleika

Einföld verkefni sem ná til sköpunar og leikrænnar tjáningar

Námsmat

Mæting, virkni og framkoma.

Hönnun og smíði

Kennari: *Stella Rut Axelsdóttir*

Markmið:

- Að nemandi móti og ákveði útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt
- Stuðla að vinnugleði í smíðastofu
- Læra að vinna með og umgangast aðra nemendur

Nemandi á að:

- Þekkja öryggisbúnað og reglur sem gilda í smíðastofunni.
- Þekkja heiti helstu verkfæra.
- Geta notað einföld handverkfæri, t.d. sög, þjöl, hamar, þvingur, hefil.
- Kunna að þússa og vinna efni undir yfirboðsmeðferð.
- Bera sig rétt að í vinnu.
- Hafa öðlast jákvætt viðhorf til verkmenntunar.
- Geta gengið frá verkfærum eftir sig og sópað vinnusvæði.

Námsmat:

Vinna og ástundun nemenda metin jafnt og þétt yfir veturinn.

- Símatið felur í sér að kennarinn metur:
 - Umgengni
 - Frumkvæði
 - Verklag og vandvirkni
 - Iðni og afköst